Ed. **384. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fóðurbirgðamálið hefir lengi verið áhyggjuefni margra góðra manna, og margar tilraunir hafa verið gerðar af hálfu löggjafarvaldsins til að ráða bót á ásetningsvenjum almennings. En flestum þykir, sem af þeim tilraunum hafi orðið lítill árangur. Og það mun líka vera sannleikur, að annað ráði meiru um fóðurbirgðir og fóðrun fjenaðar en lagafyrirmæli. Það er að vísu svo, að enn er mjög ábótavant ásetningi og fóðrun fjenaðar hjá almenningi; en þó er vafalaust, að miklar framfarir hafa orðið á því sviði, og eru að verða. Fyr á tímum var það altítt að nautpeningur fjelli af hor; en í seinni tíð munu þess fá eða engin dæmi. Þessi breyting virðist standa í nánu sambandi við vaxandi verðgildi mjólkurinnar. Því meira sem mjólkin hækkar i verði, þess meiri þýðingu fær það, að fóðra kýrnar vel og ætla þeim nægilegt fóður. Á sama hátt hefir vaxandi verðgildi sauðakjöts haft talsverð áhrif, í þá átt að bæta meðferð sauðfjárins og fóðurtryggingar, þó breytingin til batnaðar sje þar minni. Þó að enn sje oft talað um, að sauðfje skorti fóður á vorin, þá mun það venjulegra, að það sje mikið betur fóðrað að vetrinum en áður var, sje því í betri holdum í vetrarlok og þoli betur vorharðindi. Og í sömu átt hlýtur að færast með hrossin, þegar þau hækka í verði, þó að enn sje komið skemst á veg með fóðrun þeirra og fóðurbirgðir. En þó að færa megi rök að því, að vaxandi verðgildi búpeningsafurðanna sje, jafnframt vaxandi menningu, sá sterkasti, knýjandi kraftur til umbóta ásetnings og fóðrunar, þá er eigi þar með sagt, að löggjafarvaldið geti ekki rjett þessu máli hjálparhönd. Lög um horfelli munu hafa reynst þýðingarlítil, og forðagæslulögin hafa fengið ómilda dóma. En því verður þó eigi neitað, að þau hafa sumstaðar orðið að nokkru gagni og geta orðið það alstaðar, þar sem góður vilji er til að beita þeim. En sá ágalli hefir þótt á forðagæslulögunum, að þau veiti eigi forðagæslumönnum, nje sveitarstjórnum, nauðsynlegt vald til að framfylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum. Frumvarp það, sem hjer er til umræðu, stefnir að því að veita sveitarfjelögunum þetta vald, og vill nefndin gefa því meðmæli sín, að það fái lagagildi.

Við frumvarpið gerir nefndin þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 5. gr.
   a. Orðið »öll« í fyrri málslið falli niður.

b. Á eftir orðunum: »frumvarp til samþyktar handa sveitarfjelögum« komi: er útbýtt sje til sveitarstjórna og stjórnarráðið hefir o. s. frv.

2. Við 8. gr.

Í staðinn fyrir orðin »að fullnægja lögum þess« komi:
að fullnægja henni.

Alþingi, 14. ágúst 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Sigurjón Friðjónsson, skrifari og framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.